

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Smiðju, Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2025

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025–2028. Mál númer 227. mál 156. löggjafarþing 2025.**

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 1. apríl 2025, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025-2028. Deildin þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um áætlunina.

Íslandsdeild Amnesty International styður áætlunina heilshugar og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Deildin fagnar sérstaklega áætlunum um kynningarefni um samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sem og að lokið verði við landsáætlun um framkvæmd samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningsins), ásamt vitundarvakningu. Fræðsla til stofnana, skóla og almennings um ákvæði þessara samninga eykur vitund á réttindum kvenna og skilar sér í betri forvörnum og þolendavænna samfélagi.

Frá því að skýrsla Amnesty International; „*Waking up to nothing: Harmful and unjustified use of pre-trial solitary confinement in Iceland*“ kom út árið 2023 hefur Íslandsdeildin horft til stöðu fanga hérlendis og fylgst með aðgerðum sem miða að úrbótum fyrir þennan hóp. Deildin fagnar því að koma á áfallamiðaðri nálgun í réttarvörsluferfinu, auka fræðslu og þjálfun, og þarfir kvenna í fangelsum skoðaðar með það að leiðarljósi að auka öryggi þeirra. Mikilvægt er að skýrri hlutverkaskipan sé komið á um ábyrgð á innleiðingu á slíkri nálgun og skýrar verklagsreglur.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar aukinni áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum, sem og að stefnt sé að auka þekkingu starfsfólks í framhaldsskólum á sviði kynja- og jafnréttisfræða. Jafnréttisfræðsla er grundvallaratriði til að skapa þekkingu, skilning og hæfni sem miðar að því að tryggja og styrkja jafnrétti og sanngjarnara samfélag. Að tryggja slíka þekkingu allra verðandi kennara er grundvöllur þess að markviss jafnréttisfræðsla eigi sér stað á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Deildin tekur undir hvatningu Mannréttindaskrifstofu Íslands um að þegar kemur að innleiðingu verklags í heilbrigðisþjónustu til handa þolendum ofbeldis, að áhersla verði lögð á kynjaða og áfallamiðaða nálgun í meðferðum við vímuefnanotkun og hvetur að auki til þess að þar skuli skaðaminnkun höfð að leiðarljósi.

Íslandsdeildin hvetur til þess að framkvæmdaáætluninni verði hrundið af stað hið fyrsta og að með henni fylgi nægt fjármagn til þess að vinna að öllum þeim greinum sem hún kveður á um.

Virðingarfyllst



AMNESTY INTERNATIONAL  
Íslandsdeild

---

Anna Lúðvíksdóttir  
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International